# AUGLÝSING

**um gildistöku EES-reglugerða um inn- og útflutning tiltekinna hættulegra efna.**

1. gr.

Með vísan til meginmáls EES-samningsins, II. viðauka, ásamt viðbótum, breytingum og bókunum, auk annarra ákvæða hans, er hér með auglýst gildistaka eftirtalinna reglugerða:

1. Reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2455/92, frá 23. júlí 1992, um inn- og útflutning hættulegra efna.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/94, frá 11. janúar 1994, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3135/94, frá 15. desember 1994, um breytingu á I. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
4. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1492/96, frá 26. júlí 1996, um breytingu á II. og III. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.
5. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1237/97, frá 27. júní 1997, um breytingu á II. viðauka reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2455/92.

2. gr.

Reglugerð ráðsins nr. 2455/92 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 468-473, (1994).

Reglugerð ráðsins nr. 41/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 50, 1. árgangur, 17. desember 1994, bls. 39-41.

Reglugerð ráðsins nr. 3135/94 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 45, 3. árgangur, 3. október 1996, bls. 60-62.

Reglugerð ráðsins nr. 1492/96 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 42, 5. árgangur, 15. október 1998, bls. 40-71.

Reglugerð ráðsins nr. 1237/97 hefur verið birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 30, 6. árgangur, 8. júlí 1999, bls. 100-126.

3. gr.

Með brot gegn ofantöldum reglugerðum skal farið samkvæmt 25. og 26. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

4. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. heimild í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni ásamt síðari breytingum og skv. 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum. Auglýsingin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 51 frá 16. janúar 1996.

*Umhverfisráðuneytinu, 16. september 1999.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*